



KICK



Kick er beinn streymisvettvangur líkt og Twitch



Notendur eru í beinu streymi og gera alls kyns hluti, spila tölvuleiki, fara út á lífið, eða einfaldlega eiga í samtali við áhorfendur




Hægt er að heita fjárhæðum á þá sem eru að streyma



Eftirlit er minna á Kick en öðrum streymisvettvöngum líkt og Twitch og þangað leita því oft notendur sem hafa verið bannaðir á öðrum miðlum



Þar sem efnið er í beinni er því ekki hægt að sía frá óviðeigandi eða skaðlegt efni fyrirfram





Hlutfall notenda á aldrinum
10 - 13 ára á Íslandi

X

Aldurstakmark



Hlutfall notenda á aldrinum
14 - 16 ára á Íslandi

X

Eftirlit á Kick er minna en á sambærilegum miðlum og er því töluvert af óviðeigandi efni þar að finna. Gróft orðalag, fjárhættuspil, áfengi og vímuefni og fleira. Eignarhald Kick er nátengt veðmála- og fjárhættuspilsvettvangnum Stake.com og er því töluvert um streyllum af fólki að veðja eða auglýsingar um veðmál á Kick.

*Aldurstakmarkið á Kick er 13 ára en 16 ára innan Evrópu. Á Íslandi er hægt að búa til aðgang ef viðkomandi hefur náð 13 ára aldri. Þá er einnig hægt að nota Kick án aðgangs (svipað og Youtube) og þarf þá ekki að gefa upp aldur. Margir hafa bent á að miðillinn sé ekki fyrir börn og var hann einn af þeim miðlum sem Ástralir hækkuðu aldurstakmarkið á íu byrjun árs 2026

3 staðreyndir um Kick



Spjall í beinni

Það er ekki bara útsendingin sjálf sem er í beinni á Kick heldur einnig spjallborð. Þar geta áhorfendur skrifað inn athugasemdir sem aðrir sem eru að horfa sjá og sá sem er að streyma. Þar sem þetta spjall er líka í beinni er lítið eftirlit með því og gæta notendur látið ýmislegt flakka.



Keppni um athygli

Á beinum streymisvettvöngum líkt og Kick s'kjast notendur ekki aðeins eftir áhorfi á beinu útsendingar sínar heldur einnig á svokallaðar klippur (e. Clips). Þessar klippur eru lítil brot sem klippt eru úr löngum útsendingum og dreift á samfélagsmiðlum. Markmiðið er oft að gera eitthvað í beinu streymi sem býr til klippu sem væri líkleg til þess að fara á flug um samfélagsmiðla. Notendur eiga það því til að gera eitthvað vafasamt, umdeilt, hættulegt, fyndið eða sjokkarandi til þess að búa til þessar klippur. Í slíku umhverfi er keppt um athygli og að ganga lengra út á nöfina.



Umræður sem ekki eru við hæfi barna

Stærstur hluti streymenda á Kick eru fullorðnir og fjalla því um og sýna frá efni sem ekki er fyrir börn. Til dæmis fjárhættuspilum, djamminu, kynferðislegum viðfangsefnum o.s.frv.